

- e) Tilkynningar um uppsögn í samræmi við 1. mgr. 9. gr.
- f) Ógildingu í samræmi við 2. mgr. 9. gr.

- e) Notifications of denunciation received in accordance with paragraph 1 of article 9;
- f) Abrogation in accordance with paragraph 2 of article 9.

12. gr.

1. Samþykkt þessi sem er jafngild á kínversku, ensku, frönsku, rússnesku og spænsku skal varðveitt í vörslu Sameinuðu þjóðanna.

2. Aðalritari Sameinuðu þjóðanna skal senda staðfestan texta samþykktarinnar til allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna og til annarra ríkja sem ekki eru aðilar, en gert er ráð fyrir í 1. mgr. 4. gr.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir, sem hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan, sem var lagður fram til undirritunar í New York tuttugasta dag febrúarmánaðar 1957.

Article 12

1. The present Convention, of which the Chinese, English, French, Russian and Spanish texts shall be equally authentic, shall be deposited in the archives of the United Nations.

2. The Secretary-General of the United Nations shall transmit a certified copy of the Convention to all States Members of the United Nations and to the non-member States contemplated in paragraph 1 of article 4.

In faith whereof the undersigned, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed the present Convention, opened for signature at New York, on the 20th day of February, one thousand nine hundred and fifty-seven.

AUGLÝSING

um aðild að samningi um samþykki og lágmarksaldur til hjúskapar og um skráningu hjónabanda.

Hinn 18. október 1977 var framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent aðildarskjal Íslands að samningi um samþykki og lágmarksaldur til hjúskapar og um skráningu hjónabanda, sem lagður var fram til undirritunar í New York hinn 10. desember 1962.

Samningurinn gengur í gildi fyrir Ísland hinn 16. janúar n. k., en aðildin er háð þeim fyrirvara að 1. grein, 2. málsgrein, skuli eigi taka til Íslands.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 21. nóvember 1977.

Einar Ágústsson.

Henrik Sv. Björnsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

um samþykki og lágmarksaldur til hjúskapar og um skráningu hjónabanda.

INNGANGUR

Ríki þau, sem aðilar eru að samningnum,

vilja efla, í samræmi við sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, almenna virðingu fyrir og eftirbreytni við, mannréttindi og mannfrelsi handa öllum, án tillits til kynþáttar, kynferðis, tungu eða trúarskoðana,

minnst þess, að í 16. gr. mannréttinda-firflýsingarinnar segir:

- „1) Konum og körlum, sem hafa aldur til þess að lögum, skal heimilt að stofna til hjúskapar og fjölskyldu, án tillits til kynþáttar, þjóðernis eða trúarbragða. Þau skulu njóta jafnréttis um stofnun og slit hjúskapar, svo og í hjónabandinu.
- 2) Eigi má hjúskap binda, nema bæði hjónaefni samþykki fúsum vilja“,

minnst enn fremur, að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna lýsti því yfir í ályktun nr. 843 (9. þing) frá 17. desember 1954, að vissir siðir, gömul lög og venja varðandi hjúskap og fjölskyldu væru í ósamræmi við grundvallarreglur hinna Sameinuðu þjóða og mannréttindafirflýsingarinnar,

endurstaðfesta, að öll ríki, að þeim meðtöldum sem hafa eða taka á sig ábyrgð á stjórnun svæða sem eru án sjálfstjórnar eða verndarsvæða, þar til þau hafa öðlast sjálfstæði, skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að afnema slíka siði, gömul lög og venjur með því að tryggja m. a., algjört frelsi til makavals, útrýma að fullu hjúskap barna og trúlofun ungra stúlkna áður en þær verða gjafvaxta, koma á viðeigandi refsingum þar sem nauðsynlegt

CONVENTION

on consent to marriage, minimum age for marriage and registration of marriages.

PREAMBLE

The Contracting States,

Desiring, in conformity with the Charter of the United Nations, to promote universal respect for, and observance of, human rights and fundamental freedoms for all, without distinction as to race, sex, language or religion,

Recalling that article 16 of the Universal Declaration of Human Rights states that:

- “1) Men and women of full age, without any limitation due to race, nationality or religion, have the right to marry and to found a family. They are entitled to equal rights as to marriage, during marriage and at its dissolution.
- 2) Marriage shall be entered into only with the free and full consent of the intending spouses.”

Recalling further that the General Assembly of the United Nations declared, by resolution 843 (IX) of 17 December 1954, that certain customs, ancient laws and practices relating to marriage and the family were inconsistent with the principles set forth in the Charter of the United Nations and in the Universal Declaration of Human Rights,

Reaffirming that all States, including those which have or assume responsibility for the administration of Non-Self-Governing and Trust Territories until their achievement of independence, should take all appropriate measures with a view to abolishing such customs, ancient laws and practices by ensuring, *inter alia*, complete freedom in the choice of a spouse, eliminating completely child marriages and the betrothal of young girls be-

er og koma á opinberri eða annars konar skráningu allra hjónabanda,

fore the age of puberty, establishing appropriate penalties where necessary and establishing a civil or other register in which all marriages will be recorded.

saþþykkja hér með eftirfarandi:

Hereby agree as hereinafter provided:

1. gr.

1) Enginn skal geta gengið í hjúskap nema til komi fullt og frjálst saþþykki beggja aðila og skal slíkt saþþykki áður gert heyrumkunnugt og gefið af aðila sjálfum í viðurvist löggilds vígslumanns og votta lögum samkvæmt.

Article 1

1) No marriage shall be legally entered into without the full and free consent of both parties, such consent to be expressed by them in person after due publicity and in the presence of the authority competent to solemnize the marriage and of witnesses, as prescribed by law.

2) Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., skal það ekki vera nauðsynlegt að annar aðili sé viðstaddur þegar þar til bært yfirvald telur, að aðstæður séu sérstakar og aðili hafi fyrir þar til bæru yfirvaldi, á þann hátt sem lög kunna að heimila, látið í ljósi saþþykki sitt og eigi dregið það til baka.

2) Notwithstanding anything in paragraph 1 above, it shall not be necessary for one of the parties to be present when the competent authority is satisfied that the circumstances are exceptional and that the party has, before a competent authority and in such manner as may be prescribed by law, expressed and not withdrawn consent.

2. gr.

Ríki sem eru aðilar að samningnum skulu hefjast handa um löggjöf, sem kveður á um lágmarksaldur til hjúskapar. Ekki skal stofnað til hjúskapar af nokkrum undir þeim aldri, nema lögmæt yfirvöld hafi veitt undanþágu vegna aldurs, af brýnum ástæðum, til hagsmuna fyrir hin fyrirhuguðu hjónaefni.

Article 2

States parties to the present Convention shall take legislative action to specify a minimum age for marriage. No marriage shall be legally entered into by any person under this age, except where a competent authority has granted a dispensation as to age, for serious reasons, in the interest of the intending spouses.

3. gr.

Hjónavígslur skulu skrásettar viðeigandi opinberri skráningu af lögmætu yfirvaldi.

Article 3

All marriages shall be registered in an appropriate official register by the competent authority.

4. gr.

1) Samningur þessi skal, þar til 31. desember 1963, liggja frammi til undirritunar fyrir öll ríki sem eru aðilar að Sameinuðu þjóðunum eða einhverri sérstofn þeirra, eða hverju öðru ríki sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna býður að gerast aðili að samningnum.

Article 4

1) The present Convention shall, until 31 December 1963, be open for signature on behalf of all States Members of the United Nations or members of any of the specialized agencies, and of any other State invited by the General Assembly of the United Nations to become party to the Convention.

2) Samningur þessi skal háður fullgilding. Skjöl varðandi fullgilding skulu afhent aðalritara Sameinuðu þjóðanna.

2) The present Convention is subject to ratification. The instruments of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

5. gr.

1) Aðild að samningi þessum skal opin öllum ríkjum er getið er í 4. gr. 1. mgr.

2) Aðild skal fara fram með þeim hætti, að skjal varðandi aðild er afhent aðalritara Sameinuðu þjóðanna.

6. gr.

1) Samningur þessi skal ganga í gildi níutíu dögum eftir afhendingu áttunda fullgildingar- eða aðildarskjals.

2) Fyrir ríki, sem fullgilda samninginn eða gerast aðilar að honum aftir afhendingu áttunda fullgildingar- eða aðildarskjals, skal samningurinn öðlast gildi níutíu dögum eftir afhendingu fullgildingar- eða aðildarskjals hlutaðeigandi ríkis.

7. gr.

1) Hvert aðildarríki má segja upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til aðalritara Sameinuðu þjóðanna. Uppsögn tekur gildi ári eftir að hún hefur borist aðalritaranum.

2) Samningur þessi skal ganga úr gildi þegar uppsögn sú verður gild er lækkar tölu aðildarríkja í færri en átta talsins.

8. gr.

Hverju deilumáli er rísa kann milli einhverra tveggja eða fleiri aðildarríkja varðandi túlkun eða gildissvið þessa samnings og ekki er lokið með samkomulagsumleitunum, skal að kröfu allra aðila að deilunni, vísað til Alþjóðadómstólsins til úrskurðar, nema aðilar verði ásáttir um aðra leið til lausnar deilunni.

Article 5

1) The present Convention shall be open for accession to all States referred to in article 4, paragraph 1.

2) Accession shall be effected by the deposit of an instrument of accession with the Secretary-General of the United Nations.

Article 6

1) The present Convention shall come into force on the ninetieth day following the date of deposit of the eighth instrument of ratification or accession.

2) For each State ratifying or acceding to the Convention after the deposit of the eighth instrument of ratification or accession, the Convention shall enter into force on the ninetieth day after deposit by such State of its instrument of ratification or accession.

Article 7

1) Any Contracting State may denounce the present Convention by written notification to the Secretary-General of the United Nations. Denunciation shall take effect one year after the date of receipt of the notification by the Secretary-General.

2) The present Convention shall cease to be in force as from the date when the denunciation which reduces the number of parties to less than eight becomes effective.

Article 8

Any dispute which may arise between any two or more Contracting States concerning the interpretation or application of the present Convention which is not settled by negotiation shall, at the request of all the parties to the dispute, be referred to the International Court of Justice for decision, unless the parties agree to another mode of settlement.

9. gr.

Aðalritari Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna og þeim ríkjum, sem ekki eru aðilar, en gert er ráð fyrir í 4. gr. 1. mgr. samnings þessa, um eftirfarandi:

- a) Undirritanir og afhendingar fullgildingarskjala í samræmi við 4. gr.
- b) Aðildarskjöl sem móttækin hafa verið í samræmi við 5. gr.
- c) Gildistökudag samningsins í samræmi við 6. gr.
- d) Tilkynningar um uppsögn í samræmi við 7. gr. 1. mgr.
- e) Ógildingu í samræmi við 7. gr. 2. mgr.

10. gr.

1) Samningur þessi sem er jafngildur á kínversku, ensku, frönsku, rússnesku og spænsku skal varðveittur í vörslu Sameinuðu þjóðanna.

2) Aðalritari Sameinuðu þjóðanna skal senda staðfestan texta samningsins til allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna og til annarra ríkja sem ekki eru aðilar, en gert er ráð fyrir í 4. gr. 1. mgr.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir, sem hafa fullt umboð, undirritað fyrir hönd ríkisstjórnna sinna samning þenna, sem var lagður fram til undirritunar í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York tíunda dag desembermánaðar 1962.

Article 9

The Secretary-General of the United Nations shall notify all States Members of the United Nations and the non-member States contemplated in article 4, paragraph 1, of the present Convention of the following:

- a) Signatures and instruments of ratification received in accordance with article 4;
- b) Instruments of accession received in accordance with article 5;
- c) The date upon which the Convention enters into force in accordance with article 6;
- d) Notifications of denunciation received in accordance with article 7, paragraph 1;
- e) Abrogation in accordance with article 7, paragraph 2.

Article 10

1) The present Convention, of which the Chinese, English, French, Russian and Spanish texts shall be equally authentic, shall be deposited in the archives of the United Nations.

2) The Secretary-General of the United Nations shall transmit a certified copy of the Convention to all States Members of the United Nations and to the non-member States contemplated in article 4, paragraph 1.

In faith whereof the undersigned, being duly authorized, have signed, on behalf of their respective Governments, the present Convention which was opened for signature at the Headquarters of the United Nations, New York, on the tenth day of December, one thousand nine hundred and sixty-two.